

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir Ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar.

- Ávarp á afmælishátíð –



Sæl öll sömul. Til hamingju með daginn og takk fyrir að bjóða mér að vera með ykkur hér í dag. Ég hafði nefnt við Björn að ég myndi líklega taka fjölskylduna með mér í dagsferð í tilefni þessa. Þau hefðu haft gaman af því að skoða sig um og fræðast. En við höfum einmitt verið að gera það sl. daga út um allt land. Eftir um 2300 km keyrslu völdu þau að leika heima á róló og spila fótbolta fram yfir keyrsluna.

Það er merkilegt að lesa þessa miklu og löngu sögu ferðapjónustu á þessum stað.

Undanfarin áratug hefur ferðapjónustan blómstrað á Íslandi, kannski full hratt en í heildina vel. Ferðapjónustan er að gjörbreyta landinu, sem eykur lífsgæði á viðkomandi svæðum og eykur þekkingu og skilning og víðsýni, bæði gesta sem heimsækja hvern stað og þeirra sem taka á mótum þeim.

Ekki bara á milli þjóða heldur líka á meðal okkar Íslendinga sjálfra eins og við erum að upplifa á þessu merkilega íslenska ferðasumri.

Þeir sem stofna til þjónustuna við ferðamenn eru í rauninni að gera okkur kleift að ferðast og þannig eru þeir í vissum skilningi að „færa okkur landið“.

Það er stór gjöf, ekki síst þegar það er gert af þeirri gestrisni, metnaði og hugsjón og gert var hér á þessum stað. Og eins og við sjáum svo mörg ánægjuleg dæmi um í dag. Ferðaminjasafn sem nú er unnið að hér á þessu svæði verður einstakt, vegna sögunnar en ég þekki ekki önnur dæmi um safn þessarar tegundar. Vona ég að ég sé engan að móðga með fávisku minni ef svo er.

Dæmi úr samtímanum; Kristín Jóhannsdóttir forstöðumaður Eldheima á held ég nokkuð stóran þátt í því að safnið varð að veruleika, dæmi um stórhug í ferðamálum nútímans af hálfu kvenna. Safn sem er alveg á heimsmaelikvarða segi ég. Við fjölskyldan ætlum einmitt til Eyja á morgun og fara þá á safnið.

Þegar ég var að undirbúa mig fyrir þessa athöfn hér gluggaði ég í rit sem amma mín Jóna Valgerður Kristjánsdóttir gaf mér í stúdentsgjöf. Þá, fyrir þrettán árum síðan var ég að stíga þín fyrstu skref í pólitíkinni. Kvenfélagskonunni ömmu fannst mikilvægt að minna mig á söguna og hverju slíkt félagsstarf hefur skilað. Fyrir það er ég þakklát. Ég leyfi mér hér að lesa hluta úr ljóði Lilju Björnsdóttur frá Dýrafirði.

Sumar er nú, og gróður grundir þekur
gróandans máttur lífið endurvekur.
Fegurð og angan fyllir hjartað gleði
frjómagnið vekur, þrótt í hvers manns geði.

Mannrækt er það, sem mesta gildi hefur,
mannræktin líka stærstu fórnar krefur,
samræma í starfi, kærleik vit og vilja
vaxtarins lög er þörf, að nema og skilja.

Saman ef stöndum, sérhver greiðist vandi,
sameining blómgist hér í frjálsum landi.
Reynum hin mörgu mannlífssár að græða
markvissar stefnum beint til Sigurhæða.

Megi ykkur farnast sem best í þessum verkefnum öllum hér á svæðinu. Það er til mikils sóma hvernig haldið er á málum hér og alltaf jafn gefandi og upplífandi að sjá virkt félagslíf, sjálfboðastarf og fólk gefa tíma sinn og orku til að hlúa að nærsamfélagi, varðveita söguna og bera hana áfram á milli kynslóða. Það eru sönn verðmæti.